

## Fréttatilkynning

**Efni:** Könnun MMR á trausti almennings til saksóknara og sérstakra rannsóknaraðila efnahagshrunsins  
**Úrtak:** Íslendingar á aldrinum 18-67 ára  
**Dagsetning:** 20. október 2009

### Meirihluti ber mikið traust til Evu Joly og sérstaks saksóknara Mun færri bera mikið traust til Ríkissaksóknara og Rannsóknarnefndar Alþingis


Tveir þriðju hlutar svarenda (66,9%) segjast bera mikið traust til Evu Joly, ráðgjafa sérstaks saksóknara vegna rannsóknar á refsiverðri háttsemi í tengslum við bankahrunið. Þetta eru 7,7 sinnum fleiri en segjast bera lítið traust til frú Joly (8,7%). Meirihluti svarenda (52,8%) kveðst einnig bera mikið traust til sérstaks saksóknara sem eru 3,5 sinnum fleiri en segjast bera lítið traust til hans (15,2%).

Fjöldi þeirra sem segjast bera mikið traust til Ríkissaksóknara er aftur á móti nokkuð lægri, eða 35,7%, sem eru þó fleiri en segjast bera lítið traust til embættisins (26,2%). Með öðrum orðum, þriðjungur fleiri segjast bera mikið traust til Ríkissaksóknara en segjast bera lítið traust til hans.

Nokkra athygli vekur að Rannsóknarnefnd Alþingis mælist hafa lítið traust meðal heldur fleiri (31,1%) en segjast bera mikið traust til hennar (27,1%). Rannsóknarnefnd Alþingis er jafnframt sú af ofangreindum stofnunum sem færst segjast bera mikið traust til – eða 27,1% eins og áður sagði.

#### Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ eða „frekar/mjög mikið“-



Spurt var: Hve mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila.

Svarmöguleikar voru: Mjög lítið traust, frekar lítið traust, hvorki mikið né lítið traust, frekar mikið traust, mjög mikið traust og veit ekki.

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar mikið eða lítið traust.

Samtals tóku 97,1% afstöðu til spurningarinnar.

**Upplýsingar um framkvæmd:**

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR\*

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun\*

Svarfjöldi: 968 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 13.-16. október 2009

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason (olafur@mmr.is).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.

\* Hópur álitsgjafa MMR telur liðlega 12.000 einstaklinga sem valdir hafa verið með tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og fengnir til þátttöku í netkönnunum með símakönnun. Viðurkenndum aðferðum er beitt svo svörun endurspegli lýðfræðilega samsetningu þjóðskrár. Hópurinn er endurnýjaður vikulega allt árið um kring til að bæta fyrir brottfall og tryggja eðlilega endurnýjun.